

**48. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
Miðvikudaginn 3. september 2025, kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Umsókn um landskika - 2508007

Tekið fyrir erindi frá Jóni Þór Eiríkssyni dags. 27. ágúst 2025 þar sem óskað er eftir afnotum af landskika norð-austur við Súðavíkirkirkju fyrir 2-4 smáhýsi til útleigu.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að umrætt landsvæði er skipulagt sem opið svæði og er í skipulagsvinnslu. Nefndin telur því ekki hægt að úthluta þessu svæði.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hefja vinnu við deiliskipulag á svæði F4 og AF7 og eftir atvikum breytingu á aðalskipulagi sem fellur að umsókninni.

Nefndin bendir umsækjanda á að í aðalskipulagi er frístundasvæði F4 og afþreyingar- og ferðamannasvæði AF7 innan við kirkju. Vonir standa til um að hægt verði að úthluta lóðum vorið 2026.

Samþykkt

2. Deiliskipulagsbreyting - iðnaðarsvæði inn af Langeyri - 2109006

Tekið fyrir eftir auglýsingu breyting á deiliskipulagi hafnar- og iðnaðarsvæðis inn af Langeyri í Álftafirði.

Tillagan var auglýst frá 16. júní til 28. júlí 2025.

Ein umsögn barst á kynningartíma, frá Vegagerðinni.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að lóð við Langeyrarveg 2b verði færð norðaustur fyrir lóð 2a. Eftir jarðvegsathuganir er lóðin illa byggileg. Nefndin telur að breytingin hafi ekki áhrif á aðra en sveitarfélagið og lóðarhafa og þurfi því ekki að auglýsa að nýju.

Samþykkt

3. Engin flokkunaraðstaða á grenndarstöðvum í Djúpinu utan þéttbýlis - 2508005

Tekið fyrir erindi frá Umhverfis- og orkustofnun ábending þess efnis að íbúum gefist ekki kostur á að flokka úrgang á grenndarstöðvum Súðavíkurhrepps í Djúpinu utan þéttbýlis. Lagaleg skylda er á söfnun á pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textil og spilliefnum.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að settir verði grenndargámar í Ísafjarðardjúp til samræmis við lög um meðhöndlun úrgangs. Nefndin leggur til að sveitarstjóri leitist eftir því að finna lausn á söfnun textíl

í sveitarfélaginu.

Samþykkt

4. Langeyrarvegur 21, umsókn um lóð - 2110008

Tekið fyrir erindi frá Jónþór Eiríkssyni og Dagný Hauksdóttur er varðar byggingu á húsi til nota em gistiheimili á lóð við Langeyrarveg 21

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á lóðin við Langeyri 21 er á athafnasvæði. Nefndin fellst því ekki á byggingu gistihúss á lóðinni.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hefja vinnu við deiliskipulag á svæði F4 og AF7 og eftir atvikum breytingu á aðalskipulagi sem fellur að umsókninni.

Nefndin bendir umsækjanda á að í aðalskipulagi er frístundasvæði F4 og affreyingar- og ferðamannasvæði AF7 innan við kirkju. Vonir standa til um að hægt verði að úthluta lóðum vorið 2026.

Samþykkt

5. Umsókn um svæði undir gistihús - 2509002

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Græjað og gert ehf dags. 11.8.2025 þar sem sótt er um svæði fyrir 5 gistihús og eitt þjónustuhús.


Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að umrætt landsvæði er skipulagt sem opið svæði og er í skipulagsvinnslu. Nefndin telur því ekki hægt að úthluta þessu svæði.


Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hefja vinnu við deiliskipulag á svæði F4 og AF7 og eftir atvikum breytingu á aðalskipulagi sem fellur að umsókninni.


Nefndin bendir umsækjanda á að í aðalskipulagi er frístundasvæði F4 og affreyingar- og ferðamannasvæði AF7 innan við kirkju. Vonir standa til um að hægt verði að úthluta lóðum vorið 2026.


Samþykkt

Fundi slitið kl. 19:00.


Anna Lind Ragnarsdóttir


Hulda Gunnarsdóttir


Valgeir Scott


Bragi Þór Thoroddsen

. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar
03.09.2025



Jóhann Birkir Helgason

